

Kópavogsbær
Fannborg 4
200 KÓPAVOGUR

Garðabær, 18. september 2023
Málsnúmer: 202308-0007
SS

Efni: Umsögn um breytingu á deiliskipulagi fyrir Vesturvör í Kópavogi

Vísað er í umsagnarbeiðni frá Kópavogsbæ sem barst þann 10. Ágúst 2023 í gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi fyrir uppbyggingarsvæði við Kársneshöfn, Vesturvör 38-50.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem þar eru lagðar fram. Um er að ræða uppbyggingu og landmótun á landfyllingu. Bent er almennt á mikilvægi þess að skipulagið, framkvæmdir og athafnir á svæðinu taki tillit til lífríkis Skerjafjarðar en strand- og hafsvæðið er metið með hátt verndargildi ekki síst vegna fuglalífs. Sérstaklega þarf að horfa til þess að draga úr hættu á mengun af öllum toga.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

